

Skjólstæðingur: Lyfjafirferð eða lyfjarýni

Hvað er lyfjafirferð eða lyfjarýni?

Lyfjafirferð eða lyfjarýni er viðtal við lækni eða lyfjafræðing þar sem rætt er um lyfin sem þú ert að taka.

Af hverju þarf ég lyfjafirferð?

Þegar þú færð ávísað lyfi í fyrsta skipti eða ef breyting hefur orðið á lyfjameðferð er nauðsynlegt að fara yfir lyfin, því:

- Þú gætir verið komin/n með aukaverkun af lyfjunum.
- Heilsa þín getur hafa breyst.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að lyf sem þú ert að taka nú henti mögulega ekki lengur.

Hvað er fjölyfjameðferð?

Fjölyfjameðferð þýðir að tekin eru mörg lyf samtímis.

Lyfjafirferð getur hjálpað þeim sem eru að taka mörg lyf að skilja tilganginn með töku lyfjanna og hvernig þau virka. Þá er talað um yfirferð fjölyfjameðferðar.

Hvað fer fram í viðtalinu?

Læknir eða lyfjafræðingur fer yfir lyfin sem þú ert að taka.

Viðtalið tekur um 15-30 mínútur og þar færðu tækifæri til að spyrja spurninga og koma á framfæri vangaveltum þínum varðandi lyfin.

Læknirinn eða lyfjafræðingurinn koma hugsanlega með tillögur að breytingum á lyfjunum sem þú ert að taka ef þörf er á og útskýra í hverju breytingarnar felast og af hverju þær gætu verið góðar fyrir þig.

Hugsanlegar tillögur að breytingum gætu t.d. verið: ný lyf eða breytt form lyfs, breyting á skammti lyfs, breyting á þeim tíma sem lyfið er tekið inn eða að hætta að taka lyfið. Allar breytingar eru gerðar í samráði við þig.

Hvernig fer lyfjafirferð fram?

Í viðtalinu mun læknirinn eða lyfjafræðingurinn aðallega fara yfir eftirfarandi:

- **Sjúklingamiðuð nálgun** –Hvað skiptir þig máli?
- **Markmið** – Finnst þér lyfin bæta líðan þína? Hafðu í huga hvað það er sem skiptir þig máli varðandi lyfjameðferðina.
- **Þörf** – Er lyfið nauðsynlegt? Gætu lífstílsbreytingar náð markmiðum meðferðarinnar?
- **Virgni** - Er lyfið að halda einkennum sjúkdómsins niðri?
- **Öryggi** – Er lyfið að valda aukaverkunum?

Spurningar sem þú gætir viljað fá svör við:

Ef þú, læknirinn eða lyfjafræðingurinn telja að breyta eigi einu eða fleirum af lyfjunum sem þú ert að taka, gætir þú viljað fá svör við eftirfarandi spurningum:

- Við hverju er lyfið?
- Hvernig og hvenær á ég að taka lyfið og í hve langan tíma?
- Eru einhverjar aukaverkanir af lyfinu?
- Hvað á ég að gera ef ég veikist á meðan ég er að taka lyfið?
- Þarf ég að koma í reglulegt eftirlit eftir að ég byrja á lyfinu? Hverju þarf að fylgjast með?

Þarf ég að taka eitthvað með mér í lyfjayfirferðina?

Gagnlegt er að þú takir öll lyfin þín með þér, einnig þau sem ekki eru lyfseðilsskyld sem og náttúruvörur og vítamín sem þú ert að taka.

Má einhver koma með mér?

Já, þér er velkomið að taka ættingja eða vin með þér í viðtalið, ef þú telur að það hjálpi þér.

Hvar get ég fengið frekari upplýsingar um lyfin mín?

- Í næsta apóteki.
- Hjá heilsugæslustöðinni þinni.
- www.serlyfjaskra.is